

## A 1883/præsídiet

Flytjandi Norrænt frelsi  
Afgreiðsla Forsætisnefndin

**Þingmannatillaga  
um að koma á samráði milli forsætisráðherranna og viðbúnaðarnefnd**

**Tillaga**

Norrænt frelsi leggur til að

Norðurlandaráð beini tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar um

*að hún finni flöt á samráði milli forsætisráðherra norrænu landanna með þeim hætti að forsætisráðherra formannskulandsins í Norrænu ráðherranefndinni hverju sinni hafi tafarlaust frumkvæði að því að norrænu forsætisráðherrarnir ráðgisti hver við annan ef í raunir rekur til að greina stöðuna sem upp er komin og kanna út frá því hvort skilyrði séu fyrir nánu samstarfi stjórnvalda í löndunum. Reynist svo vera taki viðbúnaðarnefnd við og skipuleggi og stjórnir upp frá því sameiginlegum aðgerðum og samstarfi. Reynist svo ekki vera skuldbindi forsætisráðherranna sig að lágmarki til að veita hver öðrum upplýsingar um sérhverja ráðstöfun sem kann að hafa áhrif á norrænt nágrannaland, íbúa þess lands eða norrænt samstarf í heild sinni, til að mynda vegna takmarkana sem settar eru á komur til landsins.*

*að hún komi á fót norrænni viðbúnaðarnefnd sem heyri beint undir forsætisráðuneyti landanna. Gildir eitt og hið sama um öll norrænu löndin að treysta ber áhrif og vægi viðbúnaðarnefndarinnar með því að tengja hana beint mikilvægasta ráðuneytinu sem undirstrikar einnig að norrænar kringumstæður skuli ekki álitnar „utanríkismál“ eða „Evrópumál“ heldur þvert á móti málefni sem varða mikla innanlandshagsmuni. Viðbúnaðarnefnd ætti í hinum norrænu löndum að heyra undir æðstu yfirmenn forsætisráðuneytanna.*

*að hún beiti sér fyrir að verksvið norrænu samræmingarráðherranna verði fært til forsætisráðherranna í því augnamiði að gefa norrænum málefnum miklum mun meira pólitískt og stjórnsýslulegt vægi en verið hefur raunin fram að þessu.*



### **Bakgrunnsupplýsingar**

Norðurlönd hafa brugðist sem samfélag meðan kórónuveirufaraldurinn hefur geisað. Löndin hafa ekki á neinu stigi málsins samræmt viðbrögð sín á sviði stjórn mála eða stjórnsýslu. Í því sambandi má nefna skyndilegar lokanir á landamærum Danmerkur og Finnlands vorið 2020, þegar fyrst var gripið til lokana, auk landamæralokunar Svíþjóðar gagnvart Danmörku skömmu fyrir júl 2020.

Þessar aðgerðir hafa bitnað einna mest á vinnuferðalöngum á Norðurlöndum en ríflega 60 prósent þeirra hafa þurft að þola neikvæðar afleiðingar af landamæralokunum, ringulreið í stjórnsýslunni og ógagnsæjar reglur um veirupróf og annað í tengslum við ferðir yfir landamæri.

Í svipinn er ekki unnt að gera sér fulla grein fyrir langtímaafleiðingum landamæralokana, sem enn sér ekki fyrir endann á, en telja má að mjög hafi fjarað undan samstöðuþrótti og samþættingu á Norðurlöndum.

Í apríl 2009 komu norrænir ráðherrar almannavarna saman í Haga höll til að kanna möguleika á auknu norrænu samstarfi í almannavarnar- og viðbúnaðarmálum. Þá var Hagayfirlýsing I samin og fjórum árum síðar, þegar Svíar gegndu formennsku, var Hagayfirlýsing II samþykkt.

Hún fjallar um sameiginlega sýn um öflug Norðurlönd án landamæra og vísar veginn að samfélagi sem er síður berskjaldað og getur frekar fengist við alvarlegar hörmungar og neyðarástand auk enduruppbyggingar á innviðum sínum.

Um áramótin 2020–2021 tóku Finnar við formennsku í norræna varnarsamstarfinu NORDEFKO og settu meðal annars á oddinn eftt norrænt samstarf á friðartímum og í viðlögum eða átökum auk áframhaldandi viðleitni til að koma í framkvæmd framtíðarsýn NORDEFKO 2025.

### Hugmyndir Norræns frelsis um samráð forsætisráðherranna og viðbúnaðarnefnd

Norrænt frelsi vill spinna áfram þráðinn með hliðsjón af framangreindu og á grundvelli yfirlýsingar forsætisráðherranna um að Norðurlönd eigi að verða sjálfbærasta og samþættasta svæði heims árið 2030.



Í ljósi reynslunnar af kreppum árána 2015 og 2020–2021 hefur því miður orðið bakslag: Skortur á norrænni samræmingu og samhæfingu hefur grafið undan samþættingu á Norðurlöndum og eigi að ná markmiðinu fyrir árið 2030 verður að hefjast handa þegar í stað.

Stokkhólmi, 19. maí 2021

Angelika Bengtsson (SD)

Aron Emilsson (SD)

Kaisa Juuso (saf)

Liselott Blixt (DF)

Lulu Ranne (saf)

Mette Hjermand Dencker (DF)

Riikka Purra (saf)

Staffan Eklöf (SD)

Vilhelm Junnila (saf)